

Æskulýðsnefnd Rótarý starfsárið 2011 – 2012

Nefndin var þannig skipuð:

Hanna María Siggeirsdóttir formaður	Rkl. Reykjavík Miðborg
Ásta Björg Björnsdóttir, ritari	Rkl. Mosfellssveitar
Jón Ásgeir Jónsson,	Rkl. Hafnarfjarðar
Klara Lís Hervaldsdóttir	Rkl. Görðum
Una Eyþórsdóttir	Rkl. Reykjavík Austurbær

Starf nefndarinnar var talsvert umfangsmikið og voru haldnir 15 fundir á starfsárinu. Fundir eru oftast haldnir í á mánudögum kl.18.15 á skrifstofu Rótarýumdæmisins.

2 stórir heilsdags vinnufundir voru haldnir á starfsárinu.

Fimmta þjónustuleiðin

Lögð er áhersla á að rótarýklúbbar hafi ungmennþjónustunefnd sem eina af fastanefndum sínum. Hvetjum við í æskulýðsnefndinni alla klúbba til að gefa íslenskum ungmennum tækifæri á að fara út í heim og víkka sjóndeildarhringinn og koma heim sem betri þegnar og sem Rótarýfélagar framtíðarinnar.

Rótarýhreyfingin hefur í vaxandi mæli lagt áherslu á ungmennastarf. Hún álítur það vera skylda hvers félaga að aðstoða ungu kynslóðina, allt ungt fólk yngra en 30 ára, við að bæta hæfni sína, til að tryggja sér betri framtíð og jafnframt að átta sig á því hve fjölbreyttar og ólíkar þarfir þeirra eru.

Skiptinemar

Þátttaka í ungmennaskiptum og æskulýðsstarfi er alþjóðlegt verkefni fyrir rótarýklúbba. Ef klúbbur sendir íslenskan skiptinema til ársdvalar þá þarf sá klúbbur að taka á móti erlendum skiptinema á sama tíma og útvega tvö til þrjú heimili þar sem skiptinemin mun dvelja. Erlendi skiptinemin er því „fósturbarn“ klúbbsins og á að taka þátt í rótarýstarfinu, mæta á fundi klúbbsins og einnig á árshátíð og ferðir klúbbsins, efti því sem við á, til að kynna félögum. Einnig er hvatt til þess að klúbbfélagar bjóði skiptinemanum heim til sín og/eða í fjölskylduferðir.

Umsóknarfrestur fyrir langtímadvöl (u.þ.b. 10 mánuðir) erlendis er 1. desember ár hvert.

Umsóknarfrestur fyrir ungt fólk sem vilja gerast skiptinemar næsta skólaár, þ.e.a.s. frá hausti 2013 til vors 2014, rennur út 1. desember 2012. Umsóknareyðublöð má finna á netinu undir slóðinni:

<http://www.rotary.org> eða undir www.rotary.is.

Fimm íslensk ungmenni eru farin á vegum rótarýumdæmisins til útlanda, sem skiptinemar. Þeir fóru til Ítalíu, Spánnar, USA, Ekvador og Brasilíu. Hér á landi eru núna fimm skiptinemar, ein stúlka og fjórir drengir.

Erlendu skiptinemar og móttökuklúbbar veturinn 2012-2013 eru:

Rótarýklúbbur Mosfellssveitar:

Scott Walter Fletcher frá USA, (kt. 01.05.1996-) s. 7786327, e-mail: skottfletcher@gmail.com
Fósturforeldrar Ágúst Garðarsson og Anna Þórisdóttir s. 587-0606 og 698-2508/699-6164,
Freyjubrunnur 6, Reykjavík, e-mail agmalun@agmalun.is, 110 Reykjavík.

Rótarýklúbbur Seltjarnarness

Gustavo Francisco Izquierdo Lopez frá Vigo á Spáni, (kt. 08.01.1994-) s. 7797923, e-mail:
gustavoizquierdo@hotmail.es. Fósturforeldri Jóna K. Karlsdóttir, s. 565-0477 og 696-5505, e-mail:
jona@hraunvallaskoli.is, Hringbraut 37, Hafnarfirði.

Rótarýklúbbur Reykjavík-Árbær

Isabela Barros de Rossi frá Brasilíu, (kt. 07.03.94-3839) e-mail: isa.belao@hotmail.com s.
8699929

Fósturforeldrar Þórhalla Arnardóttir e-mail: thorhalla@verslo.is og Kolbeinn Már Guðjónsson,
s.567-5929 og 848-2211/8452000, Háagerði 49, Reykjavík

Rótarýklúbburinn Garðar

Alex Santiago Marcillo Dias frá Ekvador (kt. 22.03.94-4259), e-mail. aelx_88@hotmail.com,
s.7796369. Fósturforeldri Soffía Dagmar Þorleifsdóttir s.565-6525 og 895-5637, Berjavellir 6,
Hafnarfirði.

Rótarýklúbbur Borgir-Kópavogur

Andrea Bangiu frá Ítalíu (kt. 27.09.1995-), e-mail. unno95@tiscali.it S 8494095,
Fósturforeldrar Hafþór Freyr Sigmundsson og Kristín Helga Ólafsdóttir, e-mail.
hafthor@librasoft.is s.564-4590 og 8634595/664-8720, Laugalind 6, Kópavogi.

Íslenskir skiptinemar sem dvelja erlendis veturinn 2012 2013 eru:

Dagmar Björk Bjarkadóttir í USA á vegum Rótarýklúbbsins Görðum,
Ingibjörg Sigf Ágústsdóttir á Ítalíu á vegum Rótarýklúbbs Mosfellssveitar,
Margeir Hrafnsson er á Spáni á vegum Rótarýklúbbs Rvk Árbæjar,
Ólöf Hafþórsdóttir er í Ekvador á vegum Rótarýklúbbsins Borgir Kópavogi,
Sóley Vera Helgadóttir er í Brasilíu á vegum Rótarýklúbbs Seltjarnarness

Sumarbúðir erlendis

Æskulýðsnefnd umdæmisins fær á hverju ári um 60-80 boð fyrir ungmenni í sumarbúðir í yfir þrjátíu löndum. Listinn er sendur öllum forsetum klúbba um miðjan mars ár hvert og einnig er hann að finna á heimasíðu Rótarý www.rotary.is. Oftast er einn þátttakandi frá hverju landi og því er þetta frábær leið fyrir ungt fólk að kynnst öðru ungu fólki frá hinum ýmsu löndu. Í hverjum hópi eru frá 14-18 manns. Ungu fólkinu er boðið á rótarýfund þar sem það kynnir sig, afhendir og tekur við rótarýfána og segir frá hvaða landi það kemur. Í sumarbúðunum hafa oft myndast ævilöng kynni fólks.

Síðastliðið sumar fóru 8 ungmenni á vegum rótarýklúbba í sumarbúðir erlendis.

Æskulýðsnefnd hvetur formenn klubbanna sem sendu ungt fólk til lengri eða skemmri dvalar erlendis, til að bjóða þeim á fundi til sín til að segja frá upplifun sinni (hægt væri að tengja slíka heimsókn kynningu á æskulýðsstarfsemi Rótarý).

Family to family

Nú í sumar 2012 fóru tvö ungmenni frá Íslandi í skammtímaskipti í fyrsta skipti í mörg ár. Þetta voru tvær stúlkur Eyja Sigríður Sigurðardóttir fór til Þýskalands og Gunnhildur Gunnarsdóttir fór til Frakklands. Fjölskyldur þeirra tóku á móti stúlkum í staðinn.

Georgíustyrkur til ársdvalar

Á hverju ári veita rótarýklúbbar í Georgíu, USA um 90 styrki til 18 -24 ára ungmenna alls staðar að úr heiminum til dvalar í eitt skólaár við háskóla í fylkinu. Yfir 70 Íslendingar hafa hlotið þennan styrk frá byrjun að jafnaði 1-4 á ári, en styrkurinn var fyrst veittur árið 1946. Upplýsingar um styrkinn má finna á netinu, slóðinni, www.rotary.is og einnig hjá æskulýðsnefnd. Umsóknarfrestur er til 1. október ár hvert fyrir næsta skólaár á eftir.

EEMA

Alþjóðasamskipti nefndarinnar fara í gegnum EEMA samstarfið sem eru samtök æskulýðsnefnda Rótarýumdæma. Á hverju ári, fyrstu helgina í september, er haldin ráðstefna þar sem fulltrúar æskulýðsnefndanna sem eru aðilar að EEMA hittast og bera saman bækur sínar. Í september 2012 var EEMA ráðstefnan haldin í Búdapest í Ungverjalandi og sóttu tveir fulltrúar æskulýðsnefndarinnar ráðstefnuna.

Næstu EEMA ráðstefnur verða í eftirfarandi löndum: Ítalíu 2013 og Noregi 2014.

Kynning á æskulýðsstarfi Rótarý.

Á hverju ári hefur einhver úr æskulýðsnefnd kynnt æskulýðsstarf Rótarý á PETS móti og formóti umdæmisþings. Klúbbar geta einnig nálgast kynningarefni um æskulýðsstarfið á skrifstofu rótarýumdæmisins og á heimasíðu Rótarý. Nefndarmenn æskulýðsnefndar hafa einnig heimsótt klúbba og kynnt hvað Rótarý hefur að bjóða ungu fólki. Á starfsárinu voru haldnar nokkrar kynningar.

Heimasíða

Á www.rotary.is má sjá fréttir af starfi æskulýðsnefndar undir liðnum „Ungmennastarf“.

Fréttabréf

Á hverju hausti, síðastliðin ár, hefur æskulýðsnefnd sent öllum formönnum rótarýklúbba fréttabréf með helstu upplýsingum um störf nefndarinnar. Þar er að finna upplýsingar er varðar starfsemi nefndarinnar.

Æskulýðsnefnd þakkar öllum þeim sem veitt hafa nefndinni aðstoð með einum eða öðrum hætti á liðnu starfsári, og þá sérstaklega Jóni Ásgeiri Jónssyni, sem nú hefur yfirgefið æskulýðsnefndina eftir áratuga ómetanlegt starf í þágu ungs fólks.

Hanna María Siggeirsdóttir, formaður æskulýðsnefndar.

hanna@apotek.is

S. 893-3141